



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 26.10.2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2028
Tilvísun: Þingskjal 319 - 315. mál.

Við ítrekum fyrri umsögn um drög að samgönguáætlun dagsett 31.7.2023, sem að einhverju leiti er einnig endurtekin hér.

Umferð farartækja er mest á höfuðborgarsvæðinu og því mestu möguleikar að ná árangri í baráttu gegn loftlagsvánni í samgöngum hér. Almenningsamgöngur eiga mikið inni, þ.e.a.s. það eru mikil sóknarfæri að koma fleirum úr einkabílum og yfir í almenningsamgöngur en til þess þarf að bæta við rekstrarframlögum.

Þó svo að Samgöngusáttmálinn sé mjög mikilvægur og tryggir fjármögnun innviða Borgarlínunnar og er mikilvægt skref fyrir almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, þá þarf verulega aukið fjármagn til reksturs borgarlínuleiða og annara stofnleiða þannig að það markmið að tvöfalda fjölda farþega með almenningsamgöngum náist (frá 11.100.000 2022 í 20.514.000 árið 2028, líkt og mælikvarðar greiðra samgangna stefna að í töflu 12 á bls. 48). Rekstrarframlög sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til reksturs Strætó bs. voru samtals um 3,8 milljarðar árið 2019 þegar samgöngusáttmálinn var undirritaður en rekstrarframlög sveitarfélaga voru rúmir 5 milljarðar árið 2022, framlög sveitarfélaga hafa því aukist um rúman milljarð milli árunna 2019 og 2022. Framlag ríkisins var tæpar 900 milljónir árið 2016 og framlag ríkisins var um 909 milljónir fyrir árið 2022. Samkvæmt drögum að Samgönguáætlun sem nú er til umsagnar helst árlegur styrkur ríkisins til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu óbreyttur á komandi árum. Ríkið þarf að auka fjárframlög til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu nú þegar, þar sem mikil þörf er á auknu fjárframlagi til að fjárfesta í umhverfisvænum vögnum og auka tíðni í leiðakerfinu. Bæta þarf þjónustuna til að fá fleiri farþega í almenningsamgöngur og til þess þarf aukið fjármagn.

Framtíðarleiðanet almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Nýtt leiðanet), sem Borgarlínan er hluti af, felur í sér stórauðna þjónustu og þar með hærri

rekstrarkostnað grunnnets almenningssamgangna (grunnnet eru þær leiðir sem aka á milli stærstu byggðakjarna á höfuðborgarsvæðinu). Nauðsynlegt er að ríkið stórauki framlag sitt til almenningssamgangna til framtíðar á höfuðborgarsvæðinu. Þannig að hægt sé að tryggja að markmið um bættar almenningssamgöngur og breyttar og umhverfisvænar ferðavenjur náist.

4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur bls. 4 og 8

Samkvæmt markmiðum Samgönguáætlunar um umhverfislega sjálfbærar samgöngur „4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur“ bls. 4 skal dregið úr óæskilegum umhverfisáhrifum samgangna m.a. í lið b með því að leggja áherslu á að „Áfram verði stutt við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í þungaflutningum, ferjum, höfnum og í flugi, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðaþjónustu.“

Það er göfugt markmið að styðja við orkuskipti í samgöngum um land allt og sérstaklega í almenningssamgöngum, jafnt því sem þær eru eflidar, en ríkið þarf einnig að styrkja almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu til orkuskipta. Því leggjum við til að í lið b. undir 4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur bls. 4, verði breytt svo: „Áfram verði stutt við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, í þungaflutningum, ferjum, höfnum og í flugi, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðaþjónustu“

Einnig leggjum við til að lið „4.7. Stuðningur við orkuskipti í samgöngum“ verði breytt í: „Stutt verði við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, í þungaflutningum, flugi, ferjum og höfnum, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðaþjónustu.“

Í Umhverfisskýrslu Samgönguáætlunar 2024-2038 (Fylgiskjal III), kemur fram er varðar áhrif markmiðs um umhverfislega sjálfbærar samgöngur að í „markmiði samgönguáætlunar er lögð áhersla á: ● Að draga úr mengun og auka loftgæði í þéttbýli...“. → Höfuðborgarsvæðið er lang stærsta þéttbýli landsins og til þess að draga úr mengun og auka loftgæði þarf að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu en það atriði vantar í markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur Samgönguáætlunar.

Óljóst er hvað felst í lið „4.1. Vegvísir að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030. Mótaður verði vegvísir að vistvænum samgöngum í Íslandi til ársins 2030 með skilgreindum og tímasettum aðgerðum sem miði að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda miðað við 2005 verið náð. Haft skuli viðtækt samráð við hagaðila og samþætta við málaflokka ráðuneytisins. Aðgerðin stuðli að

Því að markmið stjórnvalda í loftslagsmálum verði uppfyllt.“ En almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu ættu að vera lykilþáttur í þessu og því óskum við eftir nánu samráði við okkur við að útlista aðgerðir til að ná þessu markmiði.

5. Markmið um jákvæða byggðapróun bls. 9

Varðandi markmið Samgönguáætlunar um jákvæða byggðapróun „5. Markmið um jákvæða byggðapróun“ bls. 9, lið „5.3. Skilgreining á heildstæðu leiðakerfi almenningsamgangna milli byggða. Heildstætt leiðakerfi almenningsamgangna milli byggða verði skilgreint með tilliti til samræmdra þjónustuviðmiða og samvirkni leiða“ og lið „5.4. Upplýsingaveita fyrir heildstætt almenningsamgöngukerfi. Mótuð verði og innleidd gagnvirk upplýsingaveita fyrir heildstætt almenningsamgöngukerfi.“ Þá viljum við ítreka að mikla sérfræðipækkingu á almenningsamgöngum að sækja hjá sérfræðingum Strætó bs. sem nýta ætti í þessum aðgerðum. Einnig hefur mikil vinna verið lögð í þróun leiðavísis og annara upplýsingaveitna innan veggja Strætó bs. og þá þekkingu ætti að nýta og vinna áfram með en ekki byrja frá grunni á nýrri upplýsingaveitu þar sem það er óþarfa sóun og kostnaður fyrir samfélagið.

Við viljum nú sem áður að lögð verði aukin áhersla á almenningsamgöngur og að aukin forgangur verði lagður á svæði þar sem fjöldi manns getur ferðast saman, það að margir ferðist saman er lykillinn að betra og öruggara umhverfi, sérstaklega á þéttbýlasta svæði landsins.

Virðingarfyllst,
Samgöngusérfræðingar Strætó bs.